

Thorsil ehf.
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík

Reykjavík, 18. ágúst 2022
UST202208-132/H.G.
08.08.02

Efni: Niðurfelling starfsleyfis - Thorsil

Umhverfisstofnun barst erindi þann 28. apríl sl. frá Hákonni Björnssyni f.h. Thorsil ehf. þar sem óskað var eftir niðurfellingu starfsleyfis Thorsil ehf., kt. 500210-1250 fyrir rekstur kísilverksmiðju á lóð við Berghólabraut 8, Reykjanesbæ.

Farið var í lokunareftirlit þann 4. maí sl. Í eftirlitsskýrslu kemur fram að staðfest sé að engin starfsemi er á staðnum, ekki var tilefni til athugasemda og frágangi telst lokið.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um að fella niður starfsleyfi Thorsil ehf., kt. 500210-1250 og mun auglýsa niðurfellinguna opinberlega á vefsíðu sinni.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um niðurfellingu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Virðingarfyllst,

Elva Rakel Jónsdóttir
staðgengill forstjóra

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur